

## Óskað er eftir áhugasömum aðilum í öldungaráð Uppsveita og Flóa

Sveitarfélögin Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur standa að sameiginlegu öldungaráði Uppsveita og Flóa. Öldungaráðið heyrir undir sveitarstjórnir sveitarfélaganna og er sveitarstjórnnum, samráðshópum um málefni aldraðra og heilsueflandi samfélagi í sveitarfélögunum til ráðgjafar. Tilnefndur er einn aðalmaður og einn varamaður.

Við óskum hér með eftir tilnefningum eða áhugasömum einstaklingum til að taka þátt í starfi öldungaráðs Uppsveita og Flóa.

Áhugasömum bent á að hafa samband við skrifstofu Flóahrepps í síma 480 4370 eða á netfangið [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is)

F.h sveitarstjórnar Flóahrepps

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri